



Grein birt 31. desember 2010

Bragi Guðmundsson

Nýjar Íslandssögur fyrir miðstig grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla setur skýrar línur um þau viðfangsefni sem kennurum ber að fást við í einstökum námsgreinum. Námskráin frá 2007 (Menntamálaráðuneytið, 2007) er sérlega afgerandi um þetta efni og hér eru teknar til umfjöllunar tvær nýjar námsbækur sem fjalla um íslenska miðaldasögu, *Frá Róm til Þingvalla* og *Sögueyjan 870–1520*. Athugað er hversu vel þessar bækur falla að áfangamarkmiðum námskrárinnar, hugað er að efnisvali þeirra, frásagnarmáta og ýmsum frágangi. Niðurstaða höfundar er að margt sé gert með ágætum, annað orki tvímælis og sumt sé jafnvel fullkomlega óásættanlegt nú á tímum.

Höfundur er prófessor við Kennaradeild á Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri.

New textbooks on Icelandic medieval history for primary level

The National Curriculum for Compulsory School defines the topics teachers are intended to cover within the framework of each school subject. The 2007 curriculum is particularly clear in this respect and this article consists of an analysis of two new textbooks on Icelandic medieval history, *Frá Róm til Þingvalla* (From Rome to Thingvellir) and *Sögueyjan 870–1520* (The Saga Island 870–1520). The analysis includes an examination of how well these books conform to the objectives of the curriculum and an inspection of their choice of topics, presentational style and various aspects of their general finish. The main conclusion is that while the quality of the books is recommendable in some respects, their approach can be questioned in some other regards and certain aspects are completely unacceptable in this day and age.

Inngangur

Íslenskar miðaldir, frá landnámi til siðaskipta, hafa löngum þótt geyma mikilvægan aðgang að íslenskri menningu og er stundum sagt að á þeim tíma hafi Íslendingar markað sér varanlegan sess sem framúrskarandi bóka- og menningarþjóð. Það er stórt sagt en ástæðunnar er að leita í bókmenntaarfleifið sem á marga lund er lykill að skilningi á miðaldamenningu norræna þjóða.

Án mikillar umhugsunar má taka undir sjónarmið af þessu tagi og hér verða þau ekki rædd sérstaklega, miklu fremur gengið út frá því að miðaldaarfur Íslendinga sé einn margra hornsteina þeirrar menningar sem við höfum iðkað um aldir og ætlum örugglega að gera enn um sinn. Því er eðlilegt að spyrja hvernig þessu tímabili sé sinnt í skólum landsmanna; hvenær íslensk miðaldasaga sé á borðum skólaæskunnar og hvað sú saga

hafi fram að færa. Á næstu síðum verður þannig fyrst og fremst horft til heildareinkenna á þeirri sögu sem kynnt er í glænýjum kennslubókum Námsgagnastofnunar fyrir miðstig grunnskóla en lítið rætt um einstaka efnisþætti sem í slíkum bókum ættu að vera. Um það efni má nú síðast vísa í þarfa grein Jóns Árna Friðjónssonar í nýútkomnu hefti af *Sögu* þar sem hann ræðir meðal annars um hugsanlega þörf fyrir kanón í íslenskri sagnfræði og sögukennslu (Jón Árni Friðjónsson, 2010).

Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla setur grunnskólum bæði almenn fyrirmæli um inntak menntunar og sértækari forsagnir um viðfangsefni og námsmarkmið í einstökum greinum. Núverandi námskrá kom út á árunum 2006 og 2007. Í almennum hluta hennar segir meðal annars í kafla um almenna menntun að skólunum beri „að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða“ (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 8). Aðeins síðar í kafla um starfshætti segir að skólinn skuli „stuðla að því að nemendur temji sér víðsýni og efli skilning sinn á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum ...“ (2006, bls. 9).

Markmiðum sögunáms eru gerð skil í sérstöku hefti námskrárinnar sem fjallar um fjórar samfélagsgreinar: samfélagsfræði í 1.–4. bekk, sögu í 5.–10. bekk, landafræði í 5.–10. bekk og þjóðfélagsfræði í 8.–10. bekk. Í inngangi heftisins eru greinunum sett eftirfarandi yfirmarkmið: „Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu samfélagi. Samfélagsgreinar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi; um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hins stærsta (þjóða, heims, vistkerfa)“ (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 5). Þegar kemur að íslenskri miðaldasögu eru síðan sett fram almenn markmið um að nemandinn „fái heildarmynd af sögu Íslands (heimabyggðar og landsins í heild) í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins með áherslu á ... kennileiti fornaldar, einkum áhrifaþætti íslenskrar menningar[, og] menningu, samfélag og heimsmynd miðalda, einkum á Íslandi“ (2007, bls. 7).

Þegar kemur að náms- og kennslugreininni sögu verða markmiðin nákvæmari og leiðsögnin skýrari. Hér er þess ekki kostur að tilgreina allt sem sagt er en fyrst skal vitnað til skýrrar söguvitundar sem í námskránni birtist og síðan verða tilgreind þau áfangamarkmið við lok 7. bekkjar sem lúta sérstaklega að íslenskri miðaldasögu. Um söguvitundina og hlutverk einstaklingsins segir: „Einstaklingurinn, nemandinn, er alltaf nálægur og miðar sig og mátar við sögu mannkyns, þjóðar, byggðarlags eða fjölskyldu. Hann stendur ekki utan við söguna heldur andspænis henni sem túlkandi og þátttakandi. Í sögunámi er leitast við að túlka fortíð, skilja nútíð og mæta og móta framtíð“ (2007, bls. 15). Þetta er ágætlega skýrt og fellur vel að hugmyndum og óskum nemenda sem kennara um viðfangsefni sögunáms eins og þær birtust í alþjóðlegri rannsókn á söguvitund unglunga um miðjan tíunda áratug síðustu aldar (Bragi Guðmundsson, 1999a; Bragi Guðmundsson, 1999b).

Samfélagsgreinanámskráin er afdráttarlaus um þau efnisatriði sem fjalla skal um í íslenskri miðaldasögu og þar sem hún hlýtur að setja þau efnisviðmið sem námsefnis höfundum ber að fara eftir er rétt að tilgreina þau í heilu lagi. Í námskránni segir undir áfangamarkmiðum við lok 7. bekkjar (2007, bls. 16–17):

- Róm og kristni
 - Nemandi á að:
 - hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi,

- gera sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginn.
- **Víkingar í norðri**
 - Nemandi á að:
 - þekkja helstu drætti í fornsögu norrænna þjóða,
 - þekkja ýmsa þætti víkingatímans.
- **Frá landnámi til kristni**
 - Nemandi á að:
 - kunna sögur af landnámi Íslands,
 - hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar,
 - vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi.
- **Íslenskur miðaldahöfðingi**
 - Nemandi á að:
 - geta skoðað íslenskt miðaldasamfélag í ljósi kunnugs einstaklings, til dæmis Snorra Sturlusonar, Guðmundar biskups góða eða Guðríðar Þorbjarnardóttur.
- **Miðaldamannlíf á Íslandi**
 - Nemandi á að:
 - hafa mynd af og þekkingu á nokkrum menningar- og félagsþáttum íslensks samfélags á hámiðöldum, til dæmis bernskuskilyrðum, stöðu kynja, heimilislífi og/eða stjórnskipun.
- **Svipmyndir**
 - Nemandi á að:
 - hafa kannað valda menningarþætti á ólíkum stöðum í heiminum á miðöldum, einkum dæmi um tengsl milli fjarlæggra menningarheilda.
- **Heimsálfur tengjast**
 - Nemandi á að:
 - þekkja til landkönnunarferða á miðöldum og ýmissa samfélagsbreytinga sem komu í kjölfar þeirra.

Þessu til viðbótar skilgreinir námskráin markmið um að nemandinn þekki til valinna þátta úr Íslandssögunni (ekki skilgreint frekar) og hafi borið þá saman við grannlöndin; að nemandinn þekki tengsl Íslands við önnur Norðurlönd og að hann þekki til (óskilgreindra en) valinna þátta úr sögu annarra landsvæða sem Íslendingar hafa átt samskipti við, einkum Bretlandseyja. Þá eru nefnd nokkur rýnimarkmið sem lúta að öðru en beinum efnisatriðum og er þarflaust að endurtaka þau hér.

Að þessu sögðu hafa verið tilgreindir þeir leiðarvísar sem eðlilegast er að námsefnis höfundar hafi til hliðsjónar þegar þeir taka til verka við samningu námsefnis fyrir miðstig grunnskóla. Næst er að huga að því sem þeir hafa sent frá sér.

Nýjar kennslubækur

Síðan síðustu námskrár litu dagsins ljós hefur Námsgagnastofnun gefið út tvær námsbækur sem fjalla að miklu eða öllu leyti um íslenska miðaldasögu. Þetta eru *Sögueyjan 870–1520* (2009) eftir Leif Reynisson (f. 1971), sagnfræðing og grunn- og framhaldsskólakennara, og *Frá Róm til Þingvalla* (2010) eftir Helga Skúla Kjartansson (f. 1949), prófessor í sagnfræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þriðja bókin, *Miðaldafólk á ferð* (2009) eftir Þorstein Helgason (f. 1946), dósent í sagnfræði og sögukennslu við menntavísindasvið Háskóla Íslands, fjallar að svo litlu leyti um íslensk viðfangsefni að

umfjöllun um hana á ekki heima hér. Leifur hefur ekki unnið áður að námsefnisgerð fyrir Námsgagnastofnun en Helgi Skúli (og Þorsteinn líka) býr að talsverðri reynslu á því sviði.

Eðlilegast er að kenna *Frá Róm til Þingvalla* á undan *Sögueyjurni*, bæði að teknu tilliti til markmiðssetningar og þeirrar áherslu sem lesa má út úr fyrirmælum námskrárinnar um að fylgt sé sögulegri tímaröð. Enda segir Helgi Skúli í kennsluleiðbeiningum sínum að miðað sé við að notendur bókar hans séu tíu ára gamlir (Helgi Skúli Kjartansson, 2010b). Í kennsluleiðbeiningum með *Sögueyjurni* er hins vegar sagt að sú bók sé ætluð mið- og unglingastigi (Leifur Reynisson, 2009b). Mér sýnist skynsamlegt að ganga út frá því að bækurnar séu báðar kenndar á miðstigi, hvor í sínum bekk. Annað bindið af *Sögueyjurni* (1520–1900) og boðað þriðja bindi um tuttugustu öld og til nútímans komi síðan í beinu framhaldi og yfirferð ljúki eftir atvikum í 8. eða 9. bekk. Nú skal litið nánar til hvorrar bókar um sig.

Frá Róm til Þingvalla er samtals 80 blaðsíður að lengd. Í henni eru fjórir meginhlutar sem ætlað er að þjóna þeim þremur áfangamarkmiðum sem fyrst eru talin hér að framan. Um það bil helmingur hennar fjallar um Rómaveldi og tímenn til víkingaaldar og hinn helmingurinn um norræna sögu, þar af bróðurparturinn um Ísland. Bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar eftir Helga Skúla; umræðupunktur sem unnir eru út frá drögum hans af ritstjóra bókarinnar, Sigrúnu Sóleyju Jökulsdóttur; sögurammar eftir Svanfríði Ingjaldsdóttur og vinnublöð samin af Eygló Sigurðardóttur. Samtals eru kennsluleiðbeiningar og önnur hjálpargögn tæplega 150 blaðsíður í A4 broti svo ekki verður annað sagt en efnid sé ríkullega búid í hendur kennara. Í leiðbeiningunum er tekið fram að námsbókin sé ekki skrifuð fyrir neina eina kennsluáðferð. Slíkt sé eftirlátið hverjum kennara fyrir sig að ákveða. Myndskreytingar eru eftir Önnu Cynthiu Leplar.

Í stuttu máli sagt uppfyllir *Frá Róm til Þingvalla* vel þau efnismarkmið sem henni eru sett. Mikil áhersla er á lifandi persónusköpun, dæmi eru tekin af nafngreindum einstaklingum og sagan rakin út frá þeim. Stöðu kynjanna, barna og ólíkra þjóðfélagsstétta er einnig gerð góð skil. Það sem eftirtektarverðast er við þessa bók er að í þeim hlutum hennar sem fjalla um Ísland eru notaðar allnokkrar persónur úr Íslendingasögum (aðallega *Egils sögu* og *Laxdælu*) og/eða *Landnámu*. Helgi Skúli segir börnunum frá þessum sögum og spyr sig og þau hvort unnt sé að treysta því að söguhetjurnar hafi verið til. Tilefnið sem hann notar til þess er þegar hann segir frá því að Hallgerður langbrók hafi verið systir Ólafs pá. „Var hún systir hans í alvöru eða bara í sögunni? Örugglega í alvöru. Flestar söguhetjur Íslendingasagna hafa verið til í raun og veru. Við vitum hvað þær hétu, hvar þær áttu heima og hverjum þær voru skyldar. En það er ekki víst að þær hafi raunverulega sagt og gert allt sem þær gera í sögunum“ (bls. 60–61). Hér er sterkt til orða tekið og þótt Helgi Skúli útskýri í næstu efnisgreinum að varhugavert sé að treysta öllu sem í sögunum stendur heldur hann samt ótrauður áfram að nota nafngreinda einstaklinga úr þeim á þeim síðum sem eftir eru.

Sú aðferð að gera sögupersónur Íslendingasagnanna að sannsögulegum einstaklingum í námsbók um Íslandssögu er vissulega ekki nýmæli í kennslubókagerð en ákaflega djörf aðferð samt. Jónas Jónsson frá Hriflu fór til dæmis þessa braut með eftirminnilegum, afdráttarlausum og lifandi mannlýsingum í *Íslandssögu handa börnum* árið 1915 og hikaði ekki við að draga fólk í dilka eftir mannkostum þess og brestum. Líklegt má telja að sú aðferð hafi orðið til þess að festa söguna vel í minni lesenda og víst er að bók Jónasar varð langlífasta og örugglega áhrifamesta kennslubók í Íslandssögu á liðinni öld. Gunnar Karlsson sagnfræðiprófessor hefur til dæmis látið svo um mælt að hetjusögur Jónasar hafi gengið vel í sig er hann gekk í barnaskóla í sveit á árunum 1949–1953 og bætir við að líklega sé kennslubók hans sú eina „sem hefur vakið með mér einhvern raunverulegan

áhuga á efninu, ekki bara á því að kunna efnið á prófi“ (Gunnar Karlsson, 1982, bls. 191). Ég las sömu bók góðum áratug síðar og get sömuleiðis vitnað um aðráttarafi hennar.

En er þessi aðferð skynsamleg? Er það rétt að segja sögur af sögupersónum sem naumast er samstaða um að hafi endilega verið til, hvað þá að vitað sé um raunverulegan hlut þeirra í þjóðarsögunni? Viljum við að grunnskólabörn nú á dögum gangi að því sem sjálf-sögðum hlut að Egill Skallagrímsson hafi drepit leikfélaga sinn ungur að árum með öxi og hlotið lof fyrir, Guðrún Ósvífursdóttir hafi eignast fjóra menn sem hún þó vildi ekki og að Kjartan Ólafsson hafi verið einna mestur sundmaður síns tíma? Ég kann ekki svarið við þessum eða ámóta spurningum en ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að ræða það af hreinskilni hvort við viljum almennt feta þá braut sem Helgi Skúli hefur óneitanlega markað með þessari snotru kennslubók sinni.

Hin bókin sem hér er til umfjöllunar, *Sögueyjjan 870–1520*, er um 90 textasíður að lengd, myndskreytt af Þóreyju Mjallhvíti Ómarsdóttur. Höfundur hennar, Leifur Reynisson, setur henni markmið og útskýrir ætlanir sínar á upphafssíðu kennsluleiðbeininga sinna. Þar segir Leifur að bókinni sé ætlað að gera „grein fyrir myndun og þróun íslensks samfélags í réttari tímaröð“ og útskýra tiltekna þætti íslensks miðaldasamfélags vandlega (Leifur Reynisson, 2009b). Til að ná þessum markmiðum eru farnar nokkrar leiðir. Þær helstu eru:

- Áhersla er lögð á „megineinkenni og átakalínur.“
- Áhersla er á sögulega framvindu og samhengi.
- Innsýn er veitt í miðaldasamfélagið og ólíkt hlutskipti landsmanna.
- Áhersla er á „erlent samhengi eftir því sem við á.“
- Greinarmunur er gerður á „sjálfstæði landsins annars vegar og landsmanna hins vegar.“
- Ætlast er til að „nemendur þekki helstu atburði sögunnar.“
- Nemendur eiga að temja „sér gagnrýna hugsun og sjálfstæðar skoðanir“ (Leifur Reynisson, 2009b).

Þessar leiðir eru mismikið útskýrðar og sumar reyndar bagalega illa. Það er til dæmis ekkert útskýrt hverjir séu helstu viðburðir sögunnar og líklega telur höfundur að bókin sjálf og viðfangsefni hennar séu svar við því.

Sögueyjjan er ekki skrifuð fyrir neina eina kennsluáferð en gert er ráð fyrir að kennarar ræði efni hvers kafla við nemendur áður en tekið er til við fjölbreytta verkefnavinnu. Kaflaupbygging er alls staðar hin sama. Byrjað er á því að varpa fram nokkrum lykilspurningum til þess að vekja forvitni lesandans, síðan er stutt sviðsett frásögn til þess að vekja áhugann enn frekar, þá kemur meginefni kaflans í tímaröð og í lok hans eru nokkur nemendaverkefni. Í kennsluleiðbeiningum eru settar fram ýmsar hugmyndir um námsmat og áhersla lögð á að það sé bæði reglulegt og fjölbreytilegt. Að því sögðu vekur það óneitanlega eftirtekt að í leiðbeiningunum skuli vera matsblað þar sem búið er að njörva niður ákveðin hlutföll milli mismunandi námsmatsþátta (2009b).

Efnisval *Sögueyjunnar* er um flest mjög hefðbundið. Sagt er frá byggingu Íslands; stofnun ríkis; kristnitöku og eflingu kirkjunnar; miðaldabókmenntum; innanlandsátökum og falli þjóðveldisins; norskum og seinna dönskum yfirráðum; og baráttu um Íslandsmið á 15. og 16. öld. Tæpt er á „lífsháttum“ (bls. 23–25), stöðu „eignalítils fólks“ (bls. 32–33) og „kvenna og barna“ (bls. 33), en þær frásagnir falla í skuggann af átakaviðburðum og ýmsu öðru. Sögupersónur eru mjög fáar og frásögnin að langmestu leyti í ópersónulegum alhæfingarstíl. Ef gengið er út frá atriðisorðaskrá eru aðeins 40 einstaklingar nefndir á nafn fyrir þau 650 ár sem bókin tekur til, þar af nokkrir erlendir (konungar, landkönnuðir). Engin kona er á meðal þessara 40 en við flettingu finnst ein mynd af Guðrúnu Ósvífurs-

dóttur (bls. 69) og innskotstexti eftir skáldkonuna Ólínu Andrésdóttur (bls. 87) sem fædd var árið 1858.

Þetta er ótrúleg niðurstaða og alls ekki boðleg nú á tímum. Minna má á að Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, sagn- og kynjafræðingur, gerði alvarlegar og réttmætar athugasemdir við hlut kvenna í kennslubókum fyrir grunn- og framhaldsskóla fyrir fjórtán árum og birti meðal annars máli sínu til sönnunar greiningu á 24 kennslubókum sem gefnar voru út á árunum 1880–1992. Lægst var hlutfall kvenna í *Ágripri af sögu Íslands* eftir Þorkel Bjarnason frá 1880, 2,1%, en hæst í hundrað árum yngri bók, *Kjörum fólks á fyrri öldum* eftir Hauk Sigurðsson, 21,2% (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 1996). Það verður þar með ekki betur séð en Leifur Reynisson hafi sett Íslandsmet hvað varðar bágan hlut kvenna í námsbók af þessu tagi. Til samanburðar má nefna að hlutur kvenna í Íslandssöguhluta *Frá Róm til Þingvalla* er um 36%.

Einhæf, karllæg og heldur þurrleg frásagnaraðferð *Sögueyjunnar* leiðir til þess að bókin er fremur erfið aflestrar og reikna má með að hún reynist mörgum nemandanum erfiður biti í háls. Einnig er líklegt að sumum kennurum verði líkt farið, einkum þeim sem ekki hafa hlotið neina sérmenntun í sögu þessa tímabils og eiga þar með óhægt um vik að gæða efnið því lífi sem nauðsynlegt er til árangurs.

Frágangur og ýmis önnur atriði

Þær bækur sem hér hafa verið ræddar eru gefnar út af Námsgagnastofnun, handrit þeirra voru lesin af nokkrum nafngreindum yfirlesarum og þeim var öllum ritstýrt af hálfu útgefanda. Það vekur þar með undrun að umtalsverðir ágallar eru á frágangi þeirra.

Í fyrsta lagi eru atriðisorðaskrár í *Frá Róm til Þingvalla* og *Sögueyjunnar* algerlega ófullnægjandi, einkum í þeirri fyrrnefndu. Þar telst mér til að vanta í atriðisorðaskrána fast að helmingi þeirra mannanafna sem þó koma fyrir í textanum. Af handahófi má nefna Hallveigu Fróðadóttur, Þórunni hyrnu, Helga magra og Gissur hvíta. Sama gildir um staðanöfn því ómögulegt er að átta sig á hvað ræður því að þetta staðar- eða svæðisheiti fer inn í skrána en ekki hitt. Sömu frágangshnökrar eru á atriðisorðaskrá *Sögueyjunnar* en ekki í jafn miklum mæli.

Í öðru lagi virðast mynda- og innskotstextar ekki hafa verið teknir með þegar atriðisorðaskrárnar voru samdar. Þar með falla út mörg heiti sem gott væri að geta gengið að á einum stað.

Í þriðja lagi eru myndaskrár beggja bókanna ákaflega rýrar í roðinu og blanda saman ljósmyndurum og/eða eigendum. Óskiljanlegt er hvers vegna ekki er vandað meira til þessara skráa og auðvelt er að birta þær á vef útgefandans ef þær þykja of rúmfrekar í námsbókunum sjálfum.

Í fjórða lagi eru fáeinar prófarkarlesturs- og efnisvillur sem skipta svo sem ekki miklu máli en ergja kunnuga. Þar má nefna að Þingeyraklaustur er rangnefnt Þingeyrarklaustur á síðu 43 í *Sögueyjunnar* og Haugsnes í Skagafirði er ranglega nefnt Hauganes í sömu bók á síðum 57 og 61. Þingeyri við Dýrafjörð og Hauganes við Eyjafjörð hafa líklega villt hér sýn.

Í fimmta lagi skal minnt á hve mikilvægt er að fylgja bókum þétt eftir alla leið í gegnum framleiðsluferlið. Þetta sést glöggt innan á kápusíðu *Sögueyjunnar* þar sem bókin er rangnefnd *Sögueyjan 850–1520* í stað *870*. Einnig er þar farið rangt með nafn Gunnars F. Guðmundssonar, eins yfirlisara handritsins, og hann nefndur Guðmundur F. Gunnarsson.

Það er yfirleitt fagnaðarefni þegar ráðist er í útgáfu nýs námsefnis. Þær tvær bækur sem hér hafa verið skoðaðar eru enda um margt álitlegar og útgerð þeirra um flest myndarleg. Fyrir utanaðkomandi er samt eitt og annað á huldu. Ég veit til dæmis lítið sem ekkert um það hvernig staðið var að vali höfunda og hvort þeir höfðu eitthvert samráð sín á milli eða eftir atvikum við aðra um efnisval og efnistöð, tilraunakennslu og annað það sem nauðsynlegt er að fara vandlega yfir meðan á verki stendur. Eins veit ég ekki hver hlutur ritstjóra Námsgagnastofnunar var. Mig grunar þó að meiri ihugunar og undirbúnings hefði verið þörf. Það er ekki vegna þess að ástæða sé til að efast um faglega hæfni þeirra sem bækurnar skrifa en það er óneitanlega skrítið að enn skuli engin kona hafa verið fengin til þess að skrifa námsbækur um Íslandssögu. Þorgerður Þorvaldsdóttir hafði eftirfarandi um það að segja árið 1996: „Karlmennt hafa algerlega einokað þennan markað og þar með réttinn til að skilgreina hvað í fortíðinni sé þess virði að nota til að uppfræða komandi kynslóðir. Þetta hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni því karlmennskan er ekki eins og hver önnur flik sem fræðingurinn getur losað sig við áður en hann byrjar að vinna heldur fylgir hún fræðimanninum eftir í verkum hans og mótar þær spurningar sem hann kys að leita svara við í fortíðinni“ (bls. 277).

Undir þessi orð Þorgerðar vil ég taka og finnst löngu kominn tími til að útgefendur náms-efnis um íslenska fortíð leiti eftir höfundum sem hafa aðra sýn til baka en þeir sem lengstum hafa ráðið og ráða enn för. Ég minni á að ýmsar útgáfur Þjóðminjasafns Íslands eru skýr vitnisburður um að það er hægt að nálgast fortíðina með miklu fjölbreyttari hætti en gert hefur verið. Þar vil ég sérstaklega nefna stórglæsilegt rit frá árinu 2004, *Hlutaveltu tímans*, sem bókstaflega leggur námsefnishöfundum ómælt og fjölbreytt efni í hendur. Efni sem ég er viss um að nær augum og eyrum nemenda mun betur en ýmislegt úrelt stagl sem hangir inni á hefðarréttinum einum saman.

Ég efast ekki um að Helgi Skúli, Leifur og fyrri námsefnishöfundar hafa lagt sig alla fram við verk sín. Ég er líka nokkuð viss um að þeir hafa lítt eða ekki leitt hugann að því hvar sú Íslandssaga sem þeir segja fer fram á landinu. En af því leiðir meðal annars að sígild átakasvæði fá talsverða umfjöllun, fjölmennir landshlutar enga eða nær enga. Það er til dæmis vel þekkt að Íslandssagan virðist ekki hafa gerst á Austurlandi, hvorki hin eldri né sú sem yngri er. Þetta þarf alls ekki að vera svona og ég held að það sé virkilega tíma- bært að taka landshluta- og svæðissjónarhorn inn þegar sest er við ritun þjóðarsögu fyrir börn og unglinga sem fullorðna. Það er rétt og sjálfsagt að horfa til margra átta, svo sem kynferðis, kynþátta og trúarbragða, en það er jafn sjálfsagt að gleyma því ekki að landið er stórt og það örvar lesandann ef hann kannast við eitthvað af umfjöllunarefninu úr nær- umhverfi sínu. Slíku hefur lítt verið sinnt í íslenskum sagnfræðiritum eins og Loftur Guttormsson sagnfræðiprófessor (2009) og undirritaður (2009) hafa báðir nýlega bent á. Loftur segir meðal annars: „Þegar á heildina er lítið má staðhæfa að sú einsleitni, sem hefur lengi fylgt þjóðarsöguritun, standi enn að verulegu leyti óhöggð“ (2009, bls. 280).

Samantekt

Það er ábyrgðarmikið starf að skrifa og gefa út kennslubækur. Til slíkra þarf að vanda í hvívetna og gæta vel að öllum þáttum máls. Eftir lestur þeirra tveggja bóka er hér hafa verið ræddar virðist mér sem nokkru betur hefði mátt standa að undirbúningi og frágangi þeirra. Útgefandinn, ríkisfyrirtækið Námsgagnastofnun, er ábyrgðaraðilinn sem fær höfunda til verks, leggur línur, fær samstarfsaðila að verki og ræður mestu um allan ytri búa- ing. Greinilegt er að stofnunin leggur mikið upp úr sjónrænu útliti bóka sinna og margvís- legu vefefni sem þeim fylgir. Hvort tveggja er vel. Hins vegar er öðrum frágangi talsvert ábótavant eins og dæmi hafa verið tekin um.

Önnur umfjöllunarefni mín lúta að höfundunum tveimur og vinnubrögðum þeirra. Það er til dæmis merkileg ákvörðun að láta óljósar sögupersónur í miðaldabókmenntum spretta

fram sem lifandi og sannferðuga fulltrúa hins liðna. Slíkt var kannski hugsanlegt á tímum sjálfstæðisbaráttunnar en naumast nú á dögum. Það er samt gert og gefur þar með fullt tilefni til opinnar faglegrar umræðu um samspil bókmennta og sagnfræði við uppeldi og menntun þjóðar. Hlutskipti kynjanna er annað atriði sem höfundar verða að taka mikið tillit til. Gildir þá einu hvort ætlunin er að gera fortíðarmyndina sem heillegasta, að ná augum og eyrum lesenda, ellegar hvort tveggja í senn. Hið þriðja er innbyrðis vægi svokallaðrar þjóðar- eða landssögu annars vegar og svæðissögunnar hins vegar. Þar er vídd sem lengi hefur að mestu fallið utan garðs og gerir það á margan hátt enn.

Saga Íslendinga, fyrir unga sem aldna, er um margt í viðjum gamalla hefða sem þrengja stundum verulega að. Sumar þeirra eiga trúlega rétt á sér til drjúgrar framtíðar, út úr öðrum þurfa dugmiklir höfundar og útgefendur þeirra að brjótast.

Heimildir

Bragi Guðmundsson. (1999a). Målsætning, metoder og interesse i historieindlæring og undervisning. Í Magne Angvik og Vagn Oluf Nielsen (ritstjórar), *Ungdom og historie i Norden* (bls. 137–152). Bergen-Sandviken: Fagbokforlaget.

Bragi Guðmundsson. (1999b). Ungmenni og saga í íslenskum grunnskólum. Í Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson (ritstjórar), *Æska og saga: söguvitund íslenskra unglunga í evrópskum samanburði* (bls. 30–91). Reykjavík: Sagnfræðistofnun, Háskóla-útgáfan [Sagnfræðirannsóknir, 15].

Bragi Guðmundsson. (2009). Landið er eitt – samfélagið er breitt/breytt: um samvitund Íslendinga og undirstöður hennar. *Uppeldi og menntun*, 18(1): 9–35.

Eygló Sigurðardóttir. (2010). *Frá Róm til Þingvalla: vinnublöð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar Karlsson. (1982). Markmið sögukennslu: söguleg athugun og hugleiðing um framtíðarstefnu. *Saga, tímarit Sögufélags*, 20, 173–222.

Haukur Sigurðsson. (1980). *Kjör fólks á fyrri öldum*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Helgi Skúli Kjartansson. (2010). *Frá Róm til Þingvalla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Helgi Skúli Kjartansson. (2010b). *Frá Róm til Þingvalla: kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hlutavelta tímans: menningararfur á Þjóðminjasafni. (2004). Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstjórar). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Jón Árni Friðjónsson. (2010). Sögukennsla og menntastefna: vantar okkur kanón í sögu? *Saga, tímarit Sögufélags*, 48(2): 125–154.

Jónas Jónsson. (1915). *Íslandssaga handa börnum*. Fyrra hefti. Reykjavík: [s.n.].

Leifur Reynisson. (2009). *Sögueyjan 870–1520*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Leifur Reynisson. (2009b). *Sögueyjan 870–1520: kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Loftur Guttormsson. (2009). Partarnir og heildin: svæðamismunur og sagnritun á 19. og 20. öld. Í Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson og Vésteinn Ólason (ritstjórar), *Heimtur: ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum* (bls. 267–281). Reykjavík: Mál og menning.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. ((2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: samfélagsgreinar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Svanfríður Ingjaldsdóttir. (2010). *Frá Róm til Þingvalla: sögurammar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. (1996). Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður? Athugun á hlut kvenna í kennslubókum í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla. *Saga, tímarit Sögufélags*, 34, 273–305.

Þorkell Bjarnason. (1903). *Ágrip af sögu Íslands*. Önnur útgáfa óbreytt. Reykjavík: Sigfús Eymundsson.

Þorsteinn Helgason. (2009). *Miðaldafólk á ferð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þorsteinn Helgason. (2009b). *Miðaldafólk á ferð: kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.



Bragi Guðmundsson. (2010).
Nýjar Íslandssögur fyrir miðstig grunnskóla.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/004.pdf>